

Trúnaðarmannaráð Sameykis

Dags. 14.09.2021	Kl. 13:15	Staður: Gullinhamrar
Fundaboðari: KEA	Fundarritari: EHJS	

1. Formaður ávarpar trúnaðarmenn. Þórarinn Eyfjörð
2. Fræðsla trúnaðarmanna í vetur. Jóhanna Þórdórsdóttir
3. Efnahagslífið í og eftir faraldur. Gylfi Magnússon
4. Lífið er spuni – það er ekkert handrit. Dóra Jóhannsdóttir
5. Kosning í fulltrúaráð
6. Önnur mál

1. Ávarp formanns

Þórarinn Eyfjörð setti fundinn og fór yfir dagskrána og ýmis praktísk atriði.

Þórarinn fór yfir nokkra punkta úr starfinu:

- Stytting vinnuvikunnar. Gengið vel á mörgum stöðum sérstaklega í dagvinnu. Erfiðast með 12 tíma vaktahópana.
- Ágreiningur við RVK um önnur mál. Er í vinnslu. Þurfum kannski að fara með það fyrir dómsstólana
- Sigrún hópurinn erfiður. OHF félögin. Enginn árangur í samtölum um vinnustyttingu. Dómsmál. Aðalmeðferð 16. nóvember.
- Jöfnun launa milli markaða komið ákv. frost sl. vor en er nú komið á blússandi ferð. Vonumst til að sjá fyrstu skrefin tekin í vetur.
- Skýrsla um endurmat á störfum kvenna gerð opinber. Drög. Skýrsla opin á samráðsgátt stjórnvalda. Þórarinn hvetur okkur til að glugga í þessa skýrslu. Jafnvirðisstaðall = jafnt virði starfa óháð kyni.

2. Fræðsla trúnaðarmanna í vetur

Jóhanna fór yfir hlutverk trúnaðarmanna, skyldur og ávinning. Höfðaði til trúnaðarmanna bæði sem félagsmenn og einstaklinga. Þurfum að tileinka okkur Grósku. Hlutverkið er mikilvægt. Gott að hafa í ferilskrá.

Uppbygging fræðslunnar tekur mið af því að trúnaðarmenn félagsins eru bæði nýliðar og endurkjörnir. Kennsla í gegnum vel Félagsmálaskóla alþýðu: LearnCove. Mikilvægt að hafa blandað námskeið, bæði staðnámskeið og fjarnám. Auðveldara fyrir fólk að koma á námskeið með að hafa það í fjarnámi en líka mikilvægt að kynnast fólki og efla tengsl og því mikilvægt að hafa staðnámskeið. Skráningar námskeiðanna er í gegnum gáttina á vef Sameykis sem leiðir okkur áfram.

Ýmsar áskoranir á vinnumarkaði. Tæknin hefur mikil áhrif, stafræn hæfni orðin mjög mikilvæg og þurfum að aðlagast markaðnum.

Könnun um hvar við stöndum á vefnum um stafræna hæfnihjólíð. Er opið og allir komast inn á það Tækifæri félagsmanna Sameykis: námskeið og fræðslustyrkir.

Þórarinn tók boltann og hvatt til að við fengjum féлага okkur með á námskeið.

Hljóðið héðan gengur ekki nógu vel berst ekki til þeirra sem eru á fjarfundi.

3. Efnahagslífið í og eftir faraldur

Gylfi kom með hugleiðingar: Hvernig líður hagkerfinu? Er glasið hálfullt eða hálfómt?

Faraldurinn hefur veitt hagkerfinu ótrúlega þungt högg, þyngra en í hruninu 2008. Peningalegar eignir kallast á við skuldir, en vantar ýmsa þætti í hagtölurnar eins og Landspítalann, Vegagerðina, hafnirnar, flugvöllina o.s.frv. Svo eru félagslegir þættir í faraldrinum eins og fermingar, afmæli o.þ.h. ekki heldur inni í hagtölunum. Grunnstoðirnar ættu að koma óskaddaðar út úr faraldrinum.

Hagkerfi Íslands hefur verið á mikilli siglingu alla þessa öld, 7% hagvöxtur á milli ára. Útflutningur í ár svipaður og 2014. Mikill vöxtur í ferðaþjónustu eftir hrun þvert á allar spár en algert hrun í fyrra vegna faraldursins. Greinar tengdar ferðaþjónustu bjuggu til 15.000 störf. Ásókn útlendinga í störf og búsetu hér á landi hefur aukist verulega síðustu ár.

Hvað eru bætt líf skjör? Ekki endilega aukin neysla, heldur betra líf.

Þrátt fyrir allt er Gylfi Magnússon sæmilega bjartsýnn á framtíðina.

Spurningar og umræður.

4. Lífið er spuni – það er ekkert handrit

Hvernig getur spuni nýst okkur í lífi og starfi? Spuni þekkt form í Bandaríkjunum. Hugmyndafræði sem nýtist vel í starfi og lífinu. Allt búið til að staðnum og ekkert fyrir fram skrifað handrit. Víða er það orðinn lífstíll að nota spuna í lífinu. Spuni = hið óvænta, hið ófyrirséða.

Það er í eðli okkar að vilja vita hvað gerist næst. Viljum hafa handrit og viljum helst skrifa það sjálf. Spuni fjallar um að bregðast við hinu óvænta. Reynum eins og við getum að stjórna atburðarásinni. Spuni er ákveðin hugleiðsla. Viljum komast út úr egóinu. Komdu fram við mótleikarana eins og þeir séu ljóðskáld og snillingar. Sýnum samkennd. Verum tilbúin að tapa. Dyggð að skipta um skoðun. Erum okkar eigin gagnrýnendur.

Spurningar og umræður.

5. Kosning í fulltrúaráð

Þórarinn fór yfir forvinnuna við að velja í fulltrúaráðið. Það er búið að vera mikið starf að setja saman framboðshópin því það eru ótrúlega margir þættir sem þarf að taka tillit til, eins og kynjahlutfall, vinnustaðahlutfall, landsbyggð vs. Reykjavík o.s.frv. Þórarinn fór yfir forsendurnar. Uppstillinganefnd og starfsfólk Sameykis búið að vinna mjög gott starf í þessum undirbúningi.

Það er hlutverk trúnaðarmannaráðs að ganga frá vali á fulltrúum í fulltrúaráð.

Tillaga uppstillinganefndar um þennan hóp var kjörinn einróma með dýnjandi lófataki.

6. Önnur mál
Engin önnur mál.

Fleira var ekki gert og þakkaði Þórarinn fyrir fundinn.

Fundi slitið kl. 15:26